

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, annars vegar (MOF) og Menningarfélagið Tjarnarbíó, kt. 590810-1180, hinsvegar (MTB), gera með sér svohljóðandi

## Samstarfssamning um rekstur Tjarnarbíós

### 1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Markmið með rekstri Tjarnarbíós er að skapa miðstöð fyrir sviðslistir og aðra menningarviðburði þar sem einstaklingum og hópum í menningarstarfi er gert kleift að leigja aðstöðu á viðráðanlegu verði. Vísað er til nýrrar menningarstefnu Reykjavíkurborgar þar sem segir:

- „Allir íbúar borgarinnar hafi jöfn tækifæri til að njóta og vera sýnilegir í menningar – og listalífinu, bæði sem þátttakendur og neytendur“
- „Stutt er við faglegt umhverfi lista með því að efla listrými, vinnustofur og aðra aðstöðu listafólks og skapandi framleiðenda“
- „Áhersla er lögð á að styðja við sjálfstæð menningarverkefni sem stuðla að fjölbreytni og inngildingum viðkvæmra og jaðarsettra hópa.“

Tjarnarbíó skal þannig leggja áherslu á:

- að Tjarnarbíó nýtist sjálfstæðum atvinnuleikhópum fyrir sýningar – en jafnframt æfingar eftir því sem við verður komið.
- að Tjarnarbíó haldi áfram því blómlega starfi sem einn meginvettvangur nýsköpunar í íslenskum sviðslistum.
- að fjölbreytilegir menningarviðburðir njóti aðgangs að húsinu þótt starfsemi tengd sviðslistum sé í forgangi.
- að listuppeldi barna og unglinga sé sinnt.
- að Tjarnarbíó taki þátt, þegar því verður við komið, í hátíðunum sem Reykjavíkurborg fjármagnar og framkvæmir s.s. Barnamenningarhátíð, Vetrarhátíð og Menningarnótt
- að Tjarnarbíó taki þátt, þegar því verður við komið, í hátíðum sem Reykjavíkurborg styrkir, s.s. Reykjavík Dance Festival, Lókal – alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík, RVK Fringe Festival, Óperudagar o.fl.

### 2. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Árlegt framlag Reykjavíkurborgar til MTB vegna Tjarnarbíós í beinum fjárframlögum er 22 m.kr. 2023. Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning: 101-26-100338.

Greiðsla framlags, alls 22 m.kr. skiptist þannig árið 2023:

janúar:	kr. 2.000.000	júlí:	kr. 3.000.000
febrúar:	kr. 2.000.000	ágúst:	kr. 3.000.000
mars:	kr. 1.000.000	september:	kr. 2.000.000
apríl:	kr. 1.000.000	október:	kr. 2.000.000
maí:	kr. 2.000.000	nóvember:	kr. 1.000.000
júní:	kr. 2.000.000	desember:	kr. 1.000.000

### 3. gr. Markmið MTB

Tjarnarbíó skal vera heimili lifandi lista og grasrótarstarfs í listum. Megináherslur Tjarnarbíós verða eftirfarandi:

- að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá af því besta og ferskasta í íslenskum sviðslistum
- að Tjarnarbíó vinni sér enn sterkari sess í hugum listamanna og landsmanna sem klasi sjálfstæðra sviðslista, þar sem sköpunarkraftur, fjölbreytileiki, frumleiki og gæði fara saman.
- að Tjarnarbíó verði eftirsóttur vettvangur fyrir atvinnuleikhópa að setja á svið eigin verk
- að Tjarnarbíó verði leiðandi afl hérlendis í alþjóðlegu samstarfi í sviðslistum og auki veg sviðslista sem atvinnu- og útflutningsgreinar

### 4. gr. Framlag MTB

MTB tekur að sér rekstrarstjórn á Tjarnarbíói og er ábyrgt fyrir rekstri, skipulagningu og kynningu á starfsemi hússins.

- MTB skal gangast fyrir öflugri og samfelldri menningarstarfsemi í Tjarnarbíói á eigin vegum, í samstarfi við aðra eða með öðrum þeim hætti sem samræmist 1. og 3. grein og tryggir góða nýtingu á húsinu. Taka ber tillit til starfsleyfis, einkum hvað varðar hættu á truflun vegna hávaða.
- MTB ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. MTB er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.
- Reykjavíkurborg er ekki ábyrg fyrir neinum öðrum greiðslum Tjarnarbíós en sem nemur þessum samningi og samningi MTB við eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar.
- 

### 5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Tjarnarbíós jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að rekstur Tjarnarbíós sé styrktur af Reykjavíkurborg og hún sé þess helsti bakhjarl.

- Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Tjarnarbíós með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt.
- Tjarnarbíó skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar leikhúsið er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.
- Hafa skal samstarf við Reykjavíkurborg til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til íbúa og erlendra gesta. Reykjavíkurborg fær myndir af viðburðum og /eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

### 6. gr. Hússtjórn

Hússtjórn Tjarnarbíós hefur eftirlit með rekstri þess og með efndum samnings þessa og fjallar jafnframt um viðhald og framkvæmdir. Hún er skipuð einum fulltrúa MOF, einum fulltrúa MTB og einum fulltrúa eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Fulltrúi MOF gegnir formennsku. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda þegar þurfa þykir – en að lágmarki tvisvar sinnum á ári. Hússtjórn getur boðað umsjónarmann fasteignarinnar á fundi sína. Þá getur stjórnin boðað aðra þá til fundar sem hún telur þörf á hverju sinni. Seta í hússtjórn er ólaunuð.

## **7. gr. Upplýsingaskylda og eftirlit**

MTB skal senda hússtjórn Tjarnarbíós árlega starfs- og fjárhagsáætlun sína. Áætlun skal greina rekstrarlegt umfang starfsemi Tjarnarbíós á komandi ári, fyrirhugað samstarf og ætlað umfang starfsemi í húsinu. Þá skal einnig tilkynna hússtjórn um gjaldskrá einu sinni á ári eða jafnan þegar á henni verða breytingar.

MTB kynnir hússtjórn jafnframt árlega stöðu rekstrar og framgang starfsáætlunar og skal á sama tíma leggja fram áritaðan ársreikning rekstrarfélags um Tjarnarbíó.

MTB kynnir stöðu Tjarnarbíós og áætlanir fyrir menningar,- íþróttá- og tómstundaráði ef óskað er eftir.

Telji MTB hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal hússtjórn tilkynnt um það skriflega án tafar. Telji hússtjórn misbrest á framkvæmd starfs- og fjárhagsáætlunar eða óviðunandi óvissu ríkja um rekstur starfsemi í Tjarnarbíói ber henni að tilkynna það menningar,- íþróttá- og tómstundaráði. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til MTB hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

## **8. gr. Gildistími**

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2023. Samráðsfundur aðila um mat og mögulega endurnýjun samnings fari fram í síðasta lagi í júní 2023 að frumkvæði hússtjórnar.

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

F.h. Reykjavíkurborgar,

F.h. Tjarnarbíós,

María Rut Reynisdóttir

Sara Marti Guðmundsdóttir